Ed. **263. Nefndarálit**

um frv. til laga um stækkun lögsagnarumdæmis Neskaupstaðar.

Frá meiri hluta allsherjarnefndar.

Nefndin hefur athugað frv. þetta, og fellst meiri hluti hennar á að leggja til, að það verði samþykkt með breytingartillögum þeim, sem síðar greinir.

Tveir nefndarmanna (HermJ og GÍG) óska fyllri upplýsinga, áður en þeir taka afstöðu til þess.

BREYTINGARTILLÖGUR.

1. Við 1. gr. Í stað „1. janúar 1943" komi: 1. apríl 1943.
2. Við 3. gr. Í stað „atvinnumálaráðherra" á 2 stöðum komi: hæstiréttur.

Alþingi, 25. jan. 1943.

Bjarni Benediktsson, form., frsm. Brynjólfur Bjarnason. Lárus Jóhannesson.